

**RAFIDNAÐARSAMBAND ÍSLANDS**  
**4. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 14. OKTÓBER 2011**

**FUNDARGERÐ.**

**1. Fundargerð síðasta, ritari hafði boðað forföll svo Bára Halldórsdóttir ritar fundargerð.**

**2. Kynning á ferilbók/vinnustaðanámi**

Ísleifur Árni kynnti ferilbók og vinnustaðanám, ábyrgð nema, meistara og eftirlit með verknámi.

**3. Skipun í RSÍ-UNG**

FRV: Hörður Bragason, Snorri Jónsson  
FIS: Helena Rós, Jón Hafsteinn  
FTR: hefur engan tilnefnt enn  
FIR: Svanborg Hilmarsdóttir, Páll Þór Vilhelmsson  
Félag rafiðnaðarmanna á Suðurnesjum tilnefna engan.

**4. Kjarasamningar**

Kristján sagði frá gangi kjaraviðræðna.

-Ísal samningur var felldur , annar samningur er í atkvæðagreiðslu og liggur niðurstaða fyrir 17. október.

-Landsnet samningur var samþykktur

-Norðurál samningur var samþykktur

-Kögun á eftir að ganga frá samningi

-Isavia með 5. Kafla samning sem á eftir að ganga frá

-Ríkisútvarpið með 5. Kafla samning, en þar voru drög að honum felld.

Byrjað er að fara yfir forsendur samninga og þrýsta á SA og ríkisstjórn svo að kjarasamningar haldi. Endurskoðun er í janúar.

**5.Orlofsmál.**

Einn tjaldvagn hefur verið seldur og eru þá fimm vagnar óseldir. Tilboð á nýjum vögnum skoðað og samþykkt að taka "Tilboði 2", 6 vagnar með kassa, fortjaldi, dúk og yfirbreiðslum.

Sleppa íbúð í Kaupmannahöfn um áramót fram í apríl. Sleppa íbúð í Þýskalandi en finna hús nálægt Billund í staðinn. Halda húsum í Vestmannaeyjum, Gufuskálum, Súðavík, en skoða hvort hús sé til leigu á Hellnum í stað Gufuskála á sambærilegu verði.

Varðandi leiguverð var ákveðið að fylgjast með umhverfinu og hækka gjald hófsamlega.

**6. Drög að rekstraráætlun**

Kristján kynnti drög að rekstraráætlun 2012. Rætt um framkvæmdaáætlun 2012. Rætt var um viðhald orlofshúsa almennt.

## **7. Önnur mál.**

Starfsendurhæfingarfulltrúi VIRK fór yfir stöðu mála.

ISAVIA, Kristján sagði frá 67 ára reglunni sem Keflavíkurflugvöllur setti á sínum tíma. ISAVIA ohf tók upp þessa reglu og er öllum sem ná 67 ára aldri sagt upp. RSÍ hefur mótmælt þessu og bent á að þarna hafi ríkisfyrirtæki verið breytt í OHF. Enn er unnið að þessu máli með SFR og FFR svo starfsmenn geti lokið starfsævinni á sínum vinnustað. Þessi 3 ár lækka útgreiðslur lífeyris um 17%. Samþykkt að halda þessu máli áfram og fara til dómstóla ef með þarf.

Staðlaráð IST 200 óskar eftir einhverjum frá okkur til að fara yfir staðalinn.

Innheimtumál rædd.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.40

Fundargerð: Bára Halldórsdóttir